

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síduskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2015-2016 01.01. 2016 6. bréf

Kæru nemendur og foreldrar, gleðilegt ár!

Nú hefur árið 2015 kvatt okkur og árið 2016 heilsað með nýjum áskorunum og verkefnum. Á komandi mánuðum verður mikið um að vera hjá okkur en núna í janúar munum við m.a fara í 100 miða leikinn, Öðruvísi dagar verða núna í janúar en þá skipuleggur nemendaráð. Þessa daga munum við fylgja einhverju þema fyrir hvern dag og má sjá fyrirkomulagið hér fyrir neðan. Við munum svo halda 20.000 hrósmiða hátíðina okkar núna í janúar en hana höldum við einu sinni á ári í tilefni þess að allur skólinn hefur í sameiningu safnað 20.000 hrósmiðum. Þessi hátíð var áður 15.000 hrósmiða hátíð en við settum markið hærra núna á þessu skólaári og vorum fljót að ná því markmiði.

Við viljum minna á að ábyrg og örugg netnotkun er eitthvað sem allir foreldrar þurfa að huga að varðandi börnin sín. Á heimasíðu SAFT geta foreldrar fundið ýmsar upplýsingar og heilræði sem er ætlað að styðja þá í því að börnin þeirra umgangist netið á jákvæðan og öruggan hátt.

Í þessum mánuði heimsækja okkur danskir kennarar sem koma til með að vera með 5. bekk og umsjónarkennurunum þar, alltaf gaman að fá góða gesti í heimsókn. Núna um áramótin bættist við nýr starfsmaður í hópinn til okkar. Það er Oddný Gunnarsdóttir, gamall nemandi úr skólanum en hún verður stuðningsfulltrúi hjá okkur til vors.

Við hér í skólanum lítum björtum augum til komandi árs og sameiginlega tökumst við á við þau verkefni sem biða okkar. Við verðum að muna að það er sameiginlegt verkefni okkar allra að gera starfið í skólanum okkar sem árangursríkast, því saman lærum við, náum árangri og gleðjumst.

Bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári og megi nýtt ár taka á móti okkur með bros á vör!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ólöf Inga

Hitt og þetta



SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI

SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Programme, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins í formlegu samstarfi við Rauða krossinn, Ríkislögreglustjóra og Barnaheill – Save the Children Iceland.

Skrifstofa Síduskóla er opin sem hér segir:

Mánudaga - föstudaga: 07:45 - 16:00.

Sími skólans er 462-2588, netfang siduskoli@akureyri.is

Beinn sími í Frístund: 461-3473.

Við viljum minna foreldra á að tilkynna veikindi fyrir kl. 8:00, en einnig er hægt að tilkynna veikindi á Mentor.

Skólinn hvetur foreldra til að hafa samband ef eitthvað er óljóst varðandi skólastarfið.

Á döfinni í janúar:

4. jan.	Skipulagsdagur
5. jan.	Skólastarf hefst skv. Stundaskrá
11.-22. jan.	100 miða leikur
11. jan.	Öðruvísi dagur — rauður dagur
12. jan.	Öðruvísi dagur — höfuðfatadagur
13. jan.	Öðruvísi dagur — íþróttafatadagur
14. jan.	Öðruvísi dagur — búningadagur
14. jan.	Söngsalur — 3. og 8. bekkur velja lög
15. jan.	Öðruvísi dagur — sparifatadagur
25. jan	Danskir kennarar í heimsókn í 5. bekk.

Góðar námsvenjur



Hafðu ákveðinn tíma til að vinna heimanám



Einbeittu þér að því sem þú ert að læra og fjarlægðu truflanir eins og síma, sjónvarp eða tölvu.



Í stærðfræði og náttúrufræði þarftu fyrst og fremst að skilja. Hvað er gefið upp og hvað þarftu að finna út?



Þegar þú lest texta skrifaðu niður aðalatriðin í hverri efnisgrein og hverjum kafla



Leitaðu þér upplýsinga um viðfangsefni alls staðar, af netinu, úr bókum, tímaritum, frá fólki o.s.frv.



Skrifaðu niður aðalatriði með eigin orðum svo þú munir þau frekar.



Úr skólalífinu

SMT - UMBUN

Nemendur í 9. bekk urðu hlutskarpastir í hrósmiðaleiknum sem fór fram í desember. Bekkurinn safnaði 7,5 hrósmiðum að meðaltali á mann. Að launum fengu þeir ísveislu, sem haldin var 17.12. sl. Eins og sjá má á myndunum var almenn ánægja með veisluna. Til hamingju 9. bekkur!



14. desember sl. kom foreldrafélag Síðuskóla færandi hendi og færði bókasafni skólans að gjöf 25 bækur. Það þarf vart að nefna mikilvægi lesturs í náminu og því kemur þessi gjöf að góðum notum. Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir þessa góðu gjöf um leið og vil hvetjum alla nemendur til að vera duglega að lesa núna eftir jólin. Á myndinni má sjá þær Ólöfu Ingu skólastjóra og Guðrúnu, starfsmann bókasafns Síðuskóla, með hluta gjafarinnar.




MATSEÐILL - janúar 2016

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
4. Skipulagsdagur	5. Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa, ávextir	6. Svínasnitzel, br. kartöflur, rauðkál, grænmeti, st. Laukur	7. Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, salatbar.	8. Súpa, brauð, ávextir
11. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð.	12. Hakkað buff, kartöflur, gr. Baunir, lauksósa	13. Heilhveitisteikur fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, laukur/sveppir	14. Kjúklinganaggar, kartöflustrá, sósa, grænm. Val nemenda	15. Skyr, smurt brauð
18. Steiktur fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	19. Kjötbollur, kartöflur, rauðkál, gr. baunir, sósa.	20. Fiskur í marineringu, ferskt grænmeti, salatbar	21. Svínakjöt í súrsætri sósu, hrísgrjón, snittubrauð	22. Píta m./hakki, grænmeti, sósa
25. Ostafylltar fiskisteikur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	26. Slátur, kartöflumús, ávextir	27. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	28. Grænmetisbuff, kartöflur, sósa, salatbar	29. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð

UM ENDURSKINSMERKI

Með notkun endurskinsmerkja er hinn almenni vegfarandi að auka öryggi sitt til muna. Hann sést fimm sinnum fyrr þegar hann lendir í ljósgeisla bíls miðað við þann sem er ekki með endurskin. Best er að velja fatnað sem er með endurskini á. Ef endurskin er ekki til staðar á fatnaðinum þarf að hafa laus endurskinsmerki á sér. Endurskinsmerkin þurfa að vera þannig staðsett að ljósgeisli frá bíl falli á þau hvort sem bíllinn kemur á móti eða aftan að vegfaranda.



Staðsetning endurskinsmerkja

Endurskinsmerki þurfa að vera neðarlega og sjást frá öllum hliðum. Hangandi endurskinsmerki er best að setja fyrir neðan mitti, eitt á hvora hlið. Allar skólatöskur/bakpokar eiga að vera með endurskinsmerki.

Á barnavögnum er best að hafa endurskin á öllum hliðum.

Sótt af vef Slysavarnarfélagsins Landsbjargar www.landsbjorg.is

FRÍSTUND OG MÖTUNEYTI

Ný gjaldskrá

Frá og með áramótum hækkar gjaldskrár Frístundar og mötuneytis. Það þýðir að verð á máltíð í annarskrift verður kr. 427 og 573 kr. stök máltíð.

Fast mánaðargjald í Frístund er 7140 (20 klst). Hver klukkustund umfram það kostar kr. 357. Síðdegishressing kostar 135 kr. [Sjá nánar á heimasíðu skóla-deildar Akureyrar.](#)

